

***BORGARRÁÐ 7. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um yfirlit yfir skipulagða menningarstarfsemi sem nær gjaldfrjálst til barna og ungmenna - R19110063***

Óskað er eftir yfirliti um alla þá skipulagða menningarstarfsemi sem nær gjaldfrjálst til barna og ungmenna í gegnum leik- og grunnskólaferðir borgarinnar á starfstöðvar menningar- og ferðamálasviðs, líkt og á söfn borgarinnar. Ef hægt er þá er óskað eftir upplýsingum frá árinu 2018 og það sem af er árið 2019. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um hvort að börn og ungmenni þurfi sjálf að koma sér á staðinn eða hvort að skólarnir komi nemendum til og frá starfstöðvum menningar- og ferðamálasviðs? Þurfa nemendur að mæta með nesti eða fá þeir mat á staðnum ef heimsóknirnar á staðina eru langir?